



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 12. desember 2019

SFS2018110156

2.9

HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Frestun gildistöku nýrra reglna um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. desember 2019 var lögð svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. desember 2019:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fresta samþykkt og gildistöku nýrra reglna um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Reglur um afhendingu farniða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla, verði óbreyttar a.m.k. út þetta skólaár. Málið verður rýnt nánar á skóla- og frístundasviði og tekið til meðferðar að nýju í skóla- og frístundaráði að því loknu.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og er hér sem send borgarráði til upplýsingar.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 4. desember 2019
Greinargerð



Minnisblað

Reykjavík, 4. desember 2019

SFS2018110156

176. fundur

HG/geb/hs

Til: skóla- og frístundaráðs

Frá: Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og akstur nemenda með hópþífreidum og reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Á 167. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. ágúst 2019 var samþykkt að ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2019 þar sem samþykktar voru nýjar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar og breytingar á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar verði endurupptekin og málinu vísað að nýju til umsagnar foreldrafélaga þeirra skóla sem breyting mun hafa áhrif á. Frestur til að senda inn umsagnir verði veittur til 15. september 2019. Ráðið muni taka málið til efnislegrar meðferðar að nýju að loknu umsagnarferli.

Skóla- og frístundasviði hafa borist viðbrögð frá foreldrafélögum Fossvoskóla, dags. 8. október 2019, Háaleitisskóla, dags. 3. september 2019, Kelduskóla, dags. 21. október 2019, Laugarnesskóla, dags. 8. október 2019, auk ályktana frá Árbæjarskóla, ódags. en barst 9. september 2019 og tölvuskeyti frá foreldri í Hlíðaskóla, dags. 4. nóvember 2019 og upplýsingar frá foreldri barns í Melaskóla, dags. 21. ágúst 2019. Auk þess liggja fyrir bréf til borgarráðs frá foreldrum barna í Skerjafirði, eitt ódags. og dags. 20. ágúst 2019 vegna fyrirhugaðra breytinga á skólaakstri í Melaskóla

Það er mat skóla- og frístundasviðs að rétt sé að fresta gildistöku nýrra reglna um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og akstur nemenda með hópþífreidum og reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar og taka málið til endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna.

Er það niðurstaðan í ljósi þess að nú þegar hafa verið samþykktar breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi sem áhrif hafa á tilhögun mála auk þess sem fyrir liggur að Strató BS ráðgerir breytingar á strætóleiðum sem geta haft áhrif í þessu sambandi. Því er lagt til að skólaakstur og dreifing strætómiða verði því með óbreyttu sniði þetta skólaár og gildistöku nýrra regla verði frestað.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fresta samþykkt og gildistöku nýrra reglna nýrra reglna um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla, verði óbreyttar a.m.k. út þetta skólaár. Málið verður rýnt nánar á skóla- og frístundasviði og tekið til meðferðar að nýju í skóla- og frístundaráði að því loknu.

Greinargerð:

Á 163. fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. júní 2019 samþykktu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna og vísaði til borgarráðs nýjum reglum um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar sem búa í meira en 1,5 km. göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum miðað við örugga gönguleið frá heimili að skólalóð. Jafnframt skyldu falla úr gildi reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í menntaráði 3. nóvember 2005.

Þessu samfara var samþykkt að gera breytingar á 6. gr. reglna um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, með þeim hætti að fram komi að þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga þess kost að fá ókeypis strætókort eru nemendur í 1.-10. bekk sem búa (eiga lögheimili) í meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum, til samræmis við reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Breytingarnar áttu að taka gildi 22. ágúst 2019. Þó áttu nýjar reglur ekki taka gildi fyrir en 1. janúar 2020 fyrir nemendur í 1.-4. bekk Hlíðaskóla með lögheimili í Suðurhlíðum og nemendur í 1.-4. bekk Melaskóla með lögheimili í Skerjafirði.

Í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019, sem lagt var fram á 163. fundi skóla- og frístundaráðs er þess getið að ekki hafi borist umsagnir tveggja skólaráða en þær hafi nú borist.

Með vísan til þess að það láðist að gefa foreldrafélögum þeirra skóla sem málið varðar kost á að koma á framfæri umsögn var málið lagt fyrir skóla- og frístundaráð að nýju. Foreldrafélögum þeirra skóla sem málið varðar varðar gefinn kostur á því að senda inn umsagnir um málið.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 4. desember 2019.